

29. júlí 1976.

549

Nr. 287.

AUGLÝSING

um hækkun smásöluverðs raforku.

Samkvæmt heimild í Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið heimilað eftirtöldum aðilum að hækka smásöluverð raforku skv. núgildandi gjaldskrá frá og með 1. ágúst 1976:

Rafmagnsveitum ríkisins um	20%
Rafveitu Akraness um	12%
Rafveitum Eyrarbakka, Selfoss, Hveragerðis, Stokks- eyrar um	7.5%

Iðnaðarráðuneytið, 29. júlí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

27. júlí 1976.

Nr. 288.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá fyrir Hitaveitu Hveragerðis nr. 306 9. október 1974.

4. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjöld:

1. Gróðurhús 100 m² og stærri, kr. 2 400.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
2. Önnur hús kr. 960.00 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.

b. Vatnsgjöld:

1. Gróðurhús kr. 320.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.
2. Önnur hús kr. 920.00 á mánuði fyrir hvern mínútulítra.

6. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Heimæðagjöld (tengigjöld) eru sem hér segir fyrir hverja heimæð:

Hús allt að 300 m³ kr. 116 000.

Hús 300—2000 m³ kr. 116 000 fyrir hverja 300 m³ og kr. 87.00 hvern m³ þar yfir.

Hús stærri en 2000 m³ kr. 260 000 fyrir 2000 m³ og kr. 73.00 hvern m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aukahemil á sama inntaki er kr. 12 000.

B 69